

# ÚTILÍFSSKÓLINN Í SPORTABLER

## LEIÐBEININGAR UM UPPSETNINGU



Eftirfarandi eru leiðbeiningar fyrir skátafélög að fylgja til að setja upp skráningu fyrir Útilífsskólann í Sportabler kerfinu. Tekið er fram að það eru til fleiri aðferðir til að gera þetta og mögulega hefur félagið þegar farið aðra leið að því nú þegar. Við hins vegar hvetjum félögin til að setja Útilífsskólann þá upp á þennan máta sem við lýsum á næsta ári. Því þetta fyrirkomulag teljum við skilvirkast og spara mestan tíma til lengri tíma.

## 1. STOFNA SVIÐ FYRIR ÚTILÍFSSKÓLANN

Fyrsta skref er að setja upp svið í kerfinu, það er gert í stjórnenda hluta kerfisins, í valborða vinstra megin á síðunni er smellt á „#Svið“ en þegar þangað er komið er smellt á takka uppi í hægra horni sem segir „Stofna“ og því næst á „Stofna svið“.

Deild Skátarnir	Meðal mæti, %	Láttamenn	Þeyting á 30	Næsta vita	Næsti mánuður
0 Svíð				Æfing / Leikur	Æfing / Leikur
0 1 Námsskið	0	2	2	0/0	0/0
0 2 Sérþóttver	90	0	0	0/0	0/0
0 3 Star	0	1	0	0/0	0/0
0 4 Svindradar	0	0	0	0/0	0/0
0 5 Vöðubú	0	101	34	0/0	0/0
0 Allt	18	104	36	0/0	0/0

Þá birtist gluggi sem best er að fylla út eins og má sjá hér að neðan:

### Stofna svið

Nafn


Tegund starfsemi

Flokkur



## 2. STOFNA FLOKKA INNAN SVIÐS

Eftir að sviðið hefur verið stofnað smellir maður á það og þá er maður kominn inn í sviðið. Þegar inn í sviðið er komið velur maður takkann uppi í hægra horni sem segir „Stofna“ og því næst „Stofna flokk“.



Þá birtist manni gluggi sem best er að fylla út á eftirfarandi máta, athugið að þar sem stendur „Skátarnir“ á okkar sýnidæmi mynduð þið sjá nafn ykkar skátafélags. Athugið einnig að í sýnidæminu er miðað við að námskeiðið sé haldið sumarið 2022 fyrir börn sem væru á 8. til 12. aldursári það sumarið. Félagið skal aðlaga þetta hverju sinni út frá því hvaða ár þessar leiðbeiningar eru skoðaðar og út frá eigin aldurstakmörkum í Útilífsskólanum, þar sem fæðingarár elstu barnanna kemur á undan fæðingarári hinna yngstu.

### Stofna flokk

Almennt

Timabil

Mynd

Aðrar stillingar

Nafn\* Námskeið 1

Svið\* Skátarnir - Útilífsskóli

Kyn\* Óháð

Fæðingarár frá 2010 Fæðingarár til 2014

Vistað Stofna Loka



Ef glugganum er ekki lokað eftir að búið er að ýta á Stofna hnappinn er hægt að endurnýta gluggan til að stofna samskonar flokk fyrir námskeið 2 til 10 (eða 1B til 5B ef félagið er í A, B námskeiða kerfi).

Við mælum ekki með því að nota tímabil þegar flokkur er stofnaður þar sem það skapar óþarfa aukavinnu til framtíðar. Eins er óþarft að breyta nokkru í undir „Mynd“ eða „Aðrar stillingar“.

### 3. STOFNA FLOKK FYRIR STARFSFÓLK

Við mælum með að fylgja sömu skrefum og er lýst að ofan til að stofna einn flokk fyrir starfsmenn Útílfsskólans, þannig getur skólastjóri notað kerfið sem eitt og sama vinnutólið til að sinna upplýsingagjöf gagnvart þátttakendum og líka starfsfólki. Á námskeiðunum munum við síðan sýna starfsfólki hvernig er hægt að nota flokkinn til að halda utan um hvaða starfsfólk sé að vinna í hvaða vikum.

Þá er gott að setja fæðingarárið frá 1900 og til þess fæðingarárs sem yngstu vinnuskólaliðarnir eru fæddir.

### 4. SETJA UPP ÞJÓNUSTULEIÐ

Fram að þessu höfum við eingöngu verið að setja upp skelina sem grípur og heldur utan um skráningar. Nú þurfum við að setja upp gáttina sem forráðafólk skráir börnin sín í gegnum, sú gátt mun opnast á Sportabler shop svæði félagsins.

Í stjórnenda hluta kerfisins, í valborða vinstra megin á síðunni er smellt á „Þjónustufirlit“ en þegar þangað er komið er smellt á takka uppi í hægra horni sem segir „Stofna“ og því næst á „Stofna þjónustu“.

Nafn þjónustu	Flokkur	Fæðingarár	Kyn	Áættir/Vikur	Ógætt	Bíllati	Verð	Staða
Skyldigþjálfarnámsháttur - 12 tímar	Þróun/þjálfarnámsháttur	1900-2007		2	0	0	Frá 0 kr. til 0 kr.	Stofna
Námskeið fyrir starfsmenn Útílfsskólans	Námskeið fyrir starfsmenn Útílfsskólans	1900-2007		0	0	0	Frá 0 kr. til 0 kr.	Stofna
Rakkaflutur	Rakkaflutur	2008-2008		0	0	0	10.900 kr.	Stofna
Drækkisáætlun 2022 - Starfsfólk	Drækkisáætlun 2022 - Starfsfólk	1900-2008		4	0	0	3.000 kr.	Stofna
Alheimsmót skata 2023 - 1ST liður	Alheimsmót skata 2023 - 1ST liður	1900-2008		4	0	0	Frá 40.500 kr. til 143.687 kr.	Stofna
Alheimsmót skata 2023 - Fimmtándiur	Alheimsmót skata 2023 - Fimmtándiur	2008-2009		10	0	0	Frá 40.500 kr. til 214.688 kr.	Stofna
Fjölskylduáskráning á Ölfusvæmi	Fjölskylduáskráning á Ölfusvæmi	1900-2008		0	0	0	Frá 80.000 kr. til 297.500 kr.	Stofna
Sumarbúðir á Ölfusvæmi 2022 fyrir 12-14 ára	Sumarbúðir á Ölfusvæmi 2022 fyrir 12-14 ára	2008-2010		0	0	11	Frá 54.900 kr. til 319.900 kr.	Stofna
Sumarbúðir á Ölfusvæmi 2022 fyrir 9-11 ára	Sumarbúðir á Ölfusvæmi 2022 fyrir 9-11 ára	2011-2013		0	0	39	Frá 54.900 kr. til 239.900 kr.	Stofna
Drækkisáætlun 2022	Drækkisáætlun 2022	2012-2014		0	0	0	Frá 0 kr. til 0 kr.	Stofna
Landsmót Rakka- og Roverskíta - TULDUBÓ	Landsmót Rakka- og Roverskíta - TULDUBÓ	1990-2008		4	0	0	Frá 20.000 kr. til 80.000 kr.	Stofna
Landsmót Rakka- og Roverskíta - GANGA	Landsmót Rakka- og Roverskíta - GANGA	1990-2008		3	0	0	Frá 20.000 kr. til 75.000 kr.	Stofna
Landsmót Háskólans 2022	Landsmót Háskólans 2022	2009-2011		1	0	0	Frá 27.000 kr. til 9.000 kr.	Stofna
Skataþing 2022	Skataþing 2022	1900-2014		0	0	0	Frá 0 kr. til 0 kr.	Stofna



Þá ætti að birtast gluggi sem við mælum með að fylla út í á eftirfarandi máta í efri hlutanum:

Nafn	Útlífsskóli Skátanna - Námskeið 1
Flokkur	Skátarnir • Útlífsskóli • Námskeið 1
Lýsing	Hér kemur greinagóð lýsing á námskeiðinu og gott að súa lýsing rími við upplýsingar á frístundavef og/öðra utlífsskólis. Mikilvægt að taka það sérstaklega fram ef um er að ræða 4 daga námskeið og að hafa endurgreiðslukimla og annað í þessari lýsingu.
Tegund starfsemi	Scouts
Svæði	Other
Staðsetning	Hraunbær 123, Reykjavík, Iceland <span>Sýna kort</span>
Kyn	Óháð
	<input checked="" type="checkbox"/> Aldurstakmörkun <input type="text" value="2010"/> <input type="text" value="2014"/>
	<input checked="" type="checkbox"/> Opitð (Sýnilegt í vefverslun)
Kóði	MOVX65 <span>Búa til</span> <span>Hreinsa</span>
Aflættir	Bystaknaefsláttur - Útlífsskólinn 2022 (10%) <span>x</span>
	<input checked="" type="checkbox"/> Opitð fyrir afláttarmiða
Vitðökurskjalningur	Skátarnir <span>x</span>
	<input type="checkbox"/> Finna eftst í vefverslun
	<input checked="" type="checkbox"/> Eitt vef?

Mikilvægast er að tengja þjónustuna við flokk, fólk sem velur að greiða fyrir þessa þjónustu í shop gátt félagsins skráist þá í þann flokk. Ef flokkurinn er rétt settur upp sparast mikil vinna, aldurstakmörkin, tegund starfsemi og svæði eru þá sjálfvirkt fyllt út.

Það er nokkuð mikilvægt að fylla út svæði, ef félagið hefur ekki sett upp sín svæði í Sportablar er hægt að finna leiðbeiningar um það í botni þessa leiðbeiningaskjals.

Eins er mikilvægt að félagið setji aflslætti rétt upp. Mælst er til þess að setja upp sér aflsláttarprófil fyrir útlífsskólann, annan fyrir vetrarstarfið og enn annan sem félagið notar fyrir félagsútilegur og ferðir. Þetta er vegna þess hvernig kerfið les aflsláttarmiðann og veitir aflslátt vegna hans. Upplýsingar um hvernig aflsláttarprófilar eru settir upp er að finna neðst í þessu skjali.

Námskeið / Vörur - Valmöguleikar												
Nafn	Áskrift hefst	Áskrift lýkur	Skráning opnar	Skráning lokar	Fjöldastemdur	Bílleni	Verð	Hámarks ekskiptana	Undirbúur	Staða		
+ = Námskeið 1	13.08.2022	18.08.2022	25.04.2022	18.08	08.08.2022	12.00	99	99	10000	2	OKJULI	Opð

Í neðri hlutanum er gott að stilla „Áskrift hefst“ sem upphafsdag viðkomandi námskeiðs og „Áskrift lýkur“ sem lokadag viðkomandi námskeiðs.

Skráning getur opnað daginn sem þið setjið þetta upp. Mælst er til þess að stilla „Skráning lokar“ viku fyrir hvert námskeið, það fyrirbyggir þann algenga vanda að fólk mæti með börnin sín fyrsta daginn því það gat skráð á námskeiðið nóttina fyrir námskeið, jafnvel þó það hafi bara verið að skrá það á biðlista.



Félagið stillir fjöldatakmörkun eftir því hvaða aðstöðu og fjölda starsmanna þau hafa. Ef félagið ákveður að byrja með talsvert lága fjöldatakmörkun vegna þess að starfsmannaátt er óljós er algjörlega nauðsynlegt að það brýni fyrir skólastjóra sínum að þeim beri að hækka þá tölu þegar nær dregur ef mönnun reynist góð, það hefur gerst nokkrum sinnum að skólastjórar eru ekki meðvituð um að þau geti breytt þessu né af takmörkin hafa verið stillt svo lág.

ALLTAF skal hafa biðlista opinn, félagið hefur eingöngu ávinning af því. Það sýnir félaginu hvaða vikur eru eftirsóknarverðastar, gefur skólastjórum möguleikan á að reyna að stilla vöktum þannig upp að hægt sé að hleypa fleirum inn af biðlistum og svo margt fleira.

Mælst er til þess að skipta greiðslum ekki í fleiri en 1, upphæðin er lág og félagið ætti að vilja að námskeiðsgjöld séu greidd fyrir námskeiðið, þegar hægt er að skipta greiðslum aukast líkur á að skólastjóri eða stjórnarfolk félags þurfi að standa í að fylgjast með og vinna í innheimtum.

Þegar búið er að stofna fyrsta námskeiðið má afrita skelina til að spara sér vinnu fyrir uppsetningu á næsta námskeiði. Það er gert í þjónustuyfirlitinu með að smella á hakið vinstra megin við námskeiðið og smella því næst á „Stofna“ en þá birtist valmöguleikinn „Klóna þjónustu“.

Nafn þjónustu	Flokkur	Fæðingarár	Kyn	Áskiltingar	Ógreitt	Biðlisti	Verð	Staða
Útflaskið Skátanna - Námskeið 1	Námskeið 1	2020 - 2024	0	0	0	0	10.000	0 kr.
Skýndráttarnámskeið - 12 tímar	Skýndráttarnámskeið	2020 - 2024	2	0	0	0	0 kr.	0 kr.
Námskeið fyrir starffolk Útflaskið	Námskeið fyrir starffolk Útflaskið	2000 - 2007	0	0	0	0	0 kr.	0 kr.


Athugið að þá þarf samt að breyta nafni, aðlaga lýsingu, breyta hvenær áskrift hefst og lýkur og hvenær skráning lokar. Einnig þarf að velja réttan flokk fyrir hvert námskeið, námskeið 2 ætti t.d. að vera tengt við flokkinn námskeið 2.

## 5. SETJA ÚTILÍFSSKÓLASTJÓRA INN Í SPORTABLER

Þetta felst í tvennu ólíku, fyrst þarf að gefa skólastjóra stjórnenda aðgang fyrir félagið svo að viðkomandi geti sýslað með skráningar, endurgreitt í gegnum kerfið og sett fólk í greiðsluferli fyrir námskeiðum.

Þetta getur annar stjórnandi félagsins í Sportabler gert með því að smella á prófílmmynd sína í hægra horni (eða mynd af upphafsstöfum sínum), þá birtist valmöguleikinn „Notendur félags“.






Þegar inn á þá síðu er komið er hægt að veita notanda stjórnendaréttindi með því að smella á hnappinn „Stofna/Breyta/ efst hægra megin á síðunni og finna netfangið sem er tengt notanda þeirra á Sportabler. Ef viðkomandi hefur ekki notað Sportabler áður er best að fara inn á <https://sportabler.com/shop> og fara í „Login/Skrá inn“ en þá birtist gluggi sem býður notendum einnig að stofna nýjan notanda.

Þegar maður hefur valið réttan notanda þarf maður að færa bæði inn ADMIN réttindi fyrir viðkomandi og í þessu tilfalli PAYMENT réttindi. Athugið að aðstoðarskólastjórar skulu EKKI gerðir að stjórnendum yfir félaginu á þennan máta, það er ekki á þeirra verksviði að annast skráningar og almennt reglan að færri en fleiri séu stjórnendur yfir félaginu hverju sinni.

Mikilvægt er að skrá skólastjóran sem „Þjálfara“ yfir flokkunum sem halda utan um útilífsskólanámskeiðin og starfsmannahópin. Það er gert með að fara inn í „#Svið“ velja á þeirri síðu „#Útilífsskóli“ og fara inn í hvern flokk fyrir sig. Á síðu hvers námskeiðs er smellt á „Stofna“ uppi í hægra horninu og síðan er smellt á „Stofna þjálfara“.






Þá birtist gluggi þar sem hægt er leita að viðkomandi með kennitölu, nafni eða netfangi, þegar notandinn er fundinn þarf að færa inn stöðu viðkomandi. Mælt er með því að skrá skólastjóra sem „Yfirþjálfari“, skrá aðstoðarskólastjóra sem „Þjálfari“ og skrá annað starfsfólk ekki inn á námskeiðið með þessum hætti.

Nóg er fyrir þann sem setur upp fyrir hönd félagsins að skrá skólastjóran inn á hvert námskeið fyrir sig og sem þjálfara starfsmannaflokksins. Skólastjóri getur síðan séð um að skrá aðstoðarskólastjóra inn. Betra er að færri en fleiri séu skráð inn með þessum hætti. Þegar búið er að skrá fólk sem þjálfara getur það sent hópskilaboð á alla í flokknum, fær aðgang að skráningarupplýsingum og forráðafólk barna sem eru skráð í flokkinn fá einnig aðgang að upplýsingum um þau, m.a. netfang og símanúmer og geta sent þeim einkaskilaboð í gegnum appið. Því er vænlegast að eingöngu þau í hæstu ábyrgðarstöðunum séu skráð inn í kerfið með þessum hætti.

## AUKALEIÐBEININGAR: SKRÁ SVÆÐI

Það er gott að vera með helstu starfsvæði félagsins skráð í kerfið, s.s. skátaheimilið, skátaskálann og aðra algenga fundarstaði s.s. nálæg útivistarsvæði. Þá er hægt að nota það til að merkja í kerfinu hvar námskeið, viðburðir og skátafundir fara fram þannig að þátttakendur og forráðafólk fái góðar upplýsingar með google maps staðsetningu.

Til að stofna svæði er farið í „#Svæði“ í vinstri valborða, þegar inn á þá síðu er komið er smelt á „Stofna“ í efra horni hægra megin á síðunni og „Stofna svæði“.



Þá birtist eftirfarandi gluggi:



**Stofna svæði** ✕

Nafn

Stuttnefni

Takkmarksó

Lýsing

Hámarks fjöldi


Tegund

Staðsetning

Þegar svæði er stofnað er boðið upp á að þá setji þak á þáttökufjölda þeirra viðburða sem fara fram á því. Það hefur sína kosti og galla, oft er misjafnt eftir eðli viðburðar t.d. hversu margir komast í skátaheimilið. „Tegund“ flokkarnir eru settir upp út frá íþróttastarfi fyrir okkar parta er „Meeting\_Room“ best fyrir innanhúsrými og „Grass“ fyrir rými utandyra. Að lokum skiptir máli að stilla „Staðsetning“ rétt, þetta er google maps tenging og því skiptir máli að velja nafn svæðisins eins og það birtist í google maps.

## AUKALEIÐBEININGAR: SYSTKINAAFSLÁTTUR

Til að komast að stillingum fyrir afsláttarprófila þarf fyrst að fara í „Greiðslur“ í vinstri valborða, þegar á síðuna er komið þarf að velja „Afsláttarmiðar“ í efra horni vinstra megin og smella þá næst á takkann „Skoða afsláttar prófíla“ í efra horni hægra megin.



Þá er hægt að velja í efra horni hægra megin „Stofna“ og „Bæta við afsláttarprófil“.





**Stofna afsláttarprófil** x

Nafn

Type

Takmörk

Combine Amounts of Purchases

Prósentu  %

Coupons issued from

Coupons issued end

Fyrnast

Mælst er til þess að nefna systkinaafsláttinn með þessum hætti, en eins og mun verða ljóst í þessum leiðbeiningum er afsláttarprófillinn tímabundinn og því gott að það sé skýrt í nafninu hvaða tímabil um ræðir. Einnig að nota „Siblings“ sem tegund afsláttarprófils.

Í „Takmörk“ þarf félagið að fylla velja valmöguleikan sem þeim finnst best eiga við um sig, með að færa bendilinn yfir spurningarmerkið hægra megin við má lesa um hina ólíku valmöguleika.

Í „Combine amounts of purchase“ er hakað við ef félagið vill að afslátturinn sé af heildarverði allra barna í sömu fjölskyldu. Ef félagið vill að fyrsta barn greiði fullt verð en hvert barn eftir það fái afslátt skal ekki haka við þetta.

Í síðustu þremur valmöguleikunum þarf félagið að stilla inn hvenær þessi afsláttarprófill er virkur í að gefa út afsláttarmiða og hvenær þeir miðar fyrnast. Mælst er til þess að afsláttarmiðar séu gefnir út á sama tímabili og skráning er opin yfir sumarið þ.e. frá opunardegi skráningar fram að því að skráningu lokar á síðasta námskeiði. Mælst er til þess að miðar séu látnir fyrnast sama dag og síðasta námskeiði lýkur.

